



Innkaupa- og framkvæmdaráð

Rammasamningur um dúkalögn nr. 16270

Tilboð í ofangreindu útboði voru opnuð þann 15. apríl 2026 og skiluðu fjögur fyrirtæki inn tilboði.

Um er að ræða almennt útboð á rammasamning í samræmi við lög um opinber innkaup nr. 120/2016, útboðið var auglýst á EES. Óskað var eftir tilboði í einingarverð í tilfallandi vinnu vegna múrverks,

Um er að ræða útboð á rammasamning þar sem hvaða fyrirtæki sem er getur lagt fram tilboð. Rammasamningsútboð þetta er ekki loforð um ákveðið magn viðskipta. Hámark samanlagðra viðskipta er kr. 500.000.000,- með vsk, á grundvelli þessa samnings. Samningurinn gildir í þrjú ár.

Af þeim 4 fyrirtækjum sem sóttu um aðild að rammasamningum uppfylltu öll kröfur skv. skilmálum útboðsins og hafa staðist tæknilegt mat og fjárhagsskoðun innkaupaskrifstofu.

Lagt er því til að Innkaupa- og framkvæmdaráð semji við alla hæfa bjóðendur sem skiluðu inn gildu tilboði alls 4 talsins að þeim hluta sem þeir ýmist óskuðu eftir þátttöku eða uppfylla hæfisskilyrði. Það eru 4 aðilar sem lagt er til að samið verði við:

Garðar dúkari ehf.
Ólafur Jónsson ehf.
Jökull Þorleifsson ehf.
SG Dúkari ehf

Virðingarfyllt

Margrét Lilja Gunnarsdóttir
Umhverfis- og skipulagssvið
Deildarstjóri innkaupa og samningsstjórnunar

Hjálagt:
Opnunarfundargerð